



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
barnamálaráðuneytið

stjornarradid.is

Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

Reykjavík 24. júlí 2023
Tilv.: MRN22090007/0.5.1

Vísað er til erindis umboðsmanns Alþingis, dags. 2. september 2022 þar sem fram kemur að í skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar hans á grundvelli OPCAT-eftirlits í fangelsið á Kvíabryggju komi fram tilmæli til mennta- og barnamálaráðherra að fylgja eftir aðgerðum sem heyra undir ráðuneytið sem fram koma í svörum ríkisins við skýrslu CPT nefndarinnar sem og í tillögum stýrihóps um málefni fanga frá 2021 hvað varðar menntun og virkniúrræði, sbr. 6. kafla OPCAT-skýrslunnar dags. 2. september 2022.

Beðist er velvirðingar á þeim tögum sem orðið hafa á svörum.

Í skýrslu stýrihóps um málefni fanga frá árinu 2021 kemur skýrt fram að menntun er ein af grundvallarforsendum betrunar. Þar er lagt til að aukið verði við náms- og starfsráðgjöf við innleiðingu batamenningar. Einnig er lagt til að boðið verði upp á sérkennslu, einkum í grunnfögum eins og íslensku, ensku, stærðfræði og tölvukennslu, ekki síst fyrir nemendur sem glíma við námsörðugleika. Einnig er skýr krafa um íslenskukennslu fyrir erlenda ríkisborgara.

Síðla árst 2022 kom mennta- og barnamálaráðherra á fót verkefnahópi sérfræðinga í mennta- og barnamálaráðuneytinu til að útfæra nánar tillögur á grundvelli skýrslu stýrihópsins.

Verkefnahópurinn kynnti ráðherra kostnaðarmetnar tillögur í febrúar 2023. Meðal tillagana hópsins var átak í menntun fanga með því að koma á fót námsverum í fangelsum og stórauka framboð verknáms og námskeiða. Þar var lagt til að setja á fót námsver sem ætlað yrði sem fyrsti viðkomustaður fanga innan fangelsiskerfisins. Þar yrði gert stöðumat þar sem fram færi mat á þekkingu og færni nemenda svo hægt yrði að undirbúa og laga kennslu að þörfum og þekkingargrunni hvers og eins. Metið yrði út frá þörfum og áhugasviði hvers og eins sem ræður þá hvaða fög eða námskeið eru sótt í námsverið og hvernig námið yrði skipulagt. Í námsverinu yrði einnig starfandi náms- og starfsráðgjafi sem yrði stuðningur við nemenda og ynni með þeim, starfsfólki og öðrum sérfræðingum að ýmiss konar velferðarstarfi sem snúi að námi, líðan og framtíðaráformum fanga. Sá nánar tillögur í fylgiskjali 1. Verið er að vinna að frekari útfærslu tillagna stýrihópsins og hvernig unnt sé að fjármagna þær.

Fyrir hönd ráðherra


Anna Tryggvadóttir


Erla Ósk Guðjónsdóttir